# DÖFF blaðið

fréttabréf Félags heyrnarlausra

1. tbl. 4. árg. mars 2000





*Mynd: Arnþór Hreinsson*

## Ávarp formanns Félags heyrnarlausra

Berglind Stefánsdóttir

## Ágrip af sögu Félags heyrnarlausra

Anna R. Valdimarsdóttir

## Samskipta- miðstöðin

Valgerður Stefánsdóttir

## Sambýlið Lækjarási 8

Kristjana Mjöll Sigurðardóttir

## Kveðja frá foreldrafélaginu

Málfríður Gunnarsdóttir

FÉLAG HEYRNARLAUSRA 40 ára

# Íslenskt táknmál

## -þú hefur það í hendi þér



**Berglind Stefánsdóttir**

# Ávarp

## formanns á 40 ára afmæli Félags heyrnarlausra

Þann. 11. febrúar eru liðin 40 ár frá stofnun Félags heyrnarlausra á Íslandi. Það má vera að okkur kunni að finnast 40 ár vera hár aldur en í samaburði við önnur félög heyrnarlausra á Norðurlöndum sem eru flest yfir hundrað ára gömul, erum við rétt miðaldra. Þrátt fyrir þennan unga aldur samanborið við hin félögin, megum við vera stolt af okkar félagi sem hefur fengið ótrúlega miklu áorkað á þessum stutta tíma.

Fyrir nokkrum árum síðan gerði félagsfræðingurinn Jonna Widell rannsóknir á samfélagi heyrnarlausra og stöðu þeirra hvarvetna í heiminum. Hún skipti stöðu heyrnarlausa í samfélaginu í fjögur tímabil, og kallaði það fyrsta opnunartímabilið. Þá voru heyrnarlausir viðurkenndir í samfélaginu, þeir notuðu táknmál sem sitt mál og þótti það eðlilegt. Seinna hófst hið svokallaða einangrunartímabil sem fylgdi í kjölfar Mílanó-fundarins og þeirra ákvarðana sem voru teknar þar. Þá var lögð áhersla á það að banna táknmál því það þótti hætta á því að það myndi gera þeim heyrnarlausu erfiðara að læra að tala. Öll áhersla var því lögð á að kenna heyrnarlausum að læra að tala raddmál.

Samkvæmt rannsóknum Jonna Widell voru félög heyrnarlausra sem voru stofnuð á þessu einangrunartímabili með veikari stöðu en þau félög sem voru stofnuð á opnunartímabilinu. Þetta er athyglisvert í ljósi þess að Félag heyrnarlausra hér á Íslandi var stofnað fyrir 40 árum undir lok einangrunartímabilsins. Samt sem áður virðist það ekki hafa skert baráttuþrek og vilja félagsins til að berjast áfram í sínum málum. Fyrri formenn félagsins hafa haldið áfram að fylgja sínum sannfæringarkrafti og hugsjónum svipað og einkenndi félög sem voru stofnuð annars staðar á opnunartímabilinu.

Samvinna við hin Norðurlöndin hefur haft mikla þýðingu fyrir okkur og þegar við fengum aðild að Norðulandaráði 1975, fórum við að bera okkur saman við hin Norðurlöndin og fylgja þeirra réttinda- og baráttumálum. Til að byrja með vorum við frekar aftarlega á merinni en núna í dag má ekki sjá mikinn mun á stöðu okkar hér á Íslandi og annarsstaðar á Norðulöndum. Það má vera að við höfum lært af mistökum frænda okkar á Norðurlöndum og því við í sumum tilfellum valið aðra leiðir. Nú er svo komið að það er ekki bara það að við lærum af öðrum þjóðum heldur eru aðrar þjóðir farnar að líta í áttina til okkar. Við vöktum heimsathygli síðasta vor og sérstaklega þá hjá Evrópuráði heyrnarlausra og félögum heyrnarlausra á Norðurlöndunum þegar við unnum dómsmál þess efnis að heyrnarlausir ættu rétt á táknmálstúlkun í sjónvarpi þegar framboðsumræður kvöldið fyrir alþingiskosningar fóru fram.



Síðastliðið sumar var ég á heimsþingi heyrnarlausra í Ástralíu. Þar á meðal var á dagskrá umræða um nýjar baráttuleiðir fyrir heyrnarlausa í sínum hagsmunamálum. Sem dæmi var tekið þetta dómsmál hér á Íslandi og vakti það mikla eftirtekt. Við Íslendingar erum heppnir að við erum mjög nýungagjarnir og fljótir að tileinka okkur allt sem er nýtt og jákvæðir gagnvart nýjum viðhorfum. Það má sjá glöggt í dag í sambandi við jákvæð viðhorf til táknmáls. Það hefur gert okkar baráttu auðveldari og til dæmis var mjög stórum áfanga náð núna á dögunum þegar ný Aðalnámskrá fyrir grunnskóla var gefin út. Þar er búið að bæta inn táknmáli heyrnarlausra sem fyrsta máli heyrnarlausra og svo íslensku fyrir heyrnarlausa. Þetta er mikil viðurkenning fyrir okkur heyrnarlausa hér á Íslandi og er því næst viðurkenning á táknmáli sem móðurmáli heyrnarlausra.

Þó að ótrúlega margt hafi áunnist á þessum 40 árum er baráttunni hvergi nær lokið og hægt að setjast í helgan stein. Þvert á móti eru þeir tímar í vændum þar sem tækni og upplýsingum fleygir hratt fram og það er nauðsynlegt fyrir heyrnarlausa að fylgjast vel með þeim breytingum. Þeir hafa tileinkað sér nokkrar af þessum tækninýungum eins og farsíma með smáskilaboðum, tölvupóst og myndsíma sem er það nýjasta núna í dag. Þessi nýja tækni í upplýsingum og samskiptum eru miðlar sem eiga vel við heyrnarlausa.

Á tímamótum sem þessum held ég að við megum vera stolt af okkar félagi og síðast en ekki síst finnst mér að þið heyrnarlausir sem hafið upplifað þessa róstursömu tíma undarfarin 40 ár og mætt ýmislegu, bæði erfiðleikum og svo uppskorið ánægju þegar eitthvað hefur áunnist, megið vera stolt af ykkur sjálfum og hvert af öðru. Félag heyrnarlausra hefði aldrei orðið til og haldist lifandi og náð grósku nema fyrir tilstilli ykkar. **Því vil ég segja húrra fyrir ykkur sem hafið staðið saman í gegnum súrt og sætt. Það eruð þið sem hafið rutt brautina til áframhaldandi velfarnaðar.**

**Berglind Stefánsdóttir formaður**



„Við vöktum heimsathygli síðasta vor og sérstaklega þá hjá Evrópuráði heyrnarlausra og félögum heyrnarlausra á Norðurlöndunum, þegar við unnum dómsmál þess efnis að heyrnarlausir ættu rétt á táknmálstúlkun í sjónvarpi þegar framboðsumræður kvöldið fyrir alþingiskosningar fóru fram." (Berglind Stefánsdóttir, formaður Félags heyrnarlausra)

**I dette nummer av Døves Tidsskrift leser vi at det islandske døveforbundet gikk til sak mot den statlige TV-kanalen da den ikke gikk med på å sende tolkete valgsendinger. Med seieren som døveforbundet fikk i Høyesterett er Island blitt et foregangsland, kanskje for resten av verden.** „Døves tidskrift" (Noregur)

## Historiske dage for døve i Island !

Ny dom ved Islands Højesteret: Det islandske døveforbund vandt sagen om direkte tolkning af den store partilederrunde d.7.maj. Afgørelsen faldt dagen før valget til det islandske parlament, Altinget, - efter at døveforbundet i første omgang tabte sagen ved Landsretten i Reykjavik.

„Døvebladet" (Danmörk)

## Important legal victory for Deaf Icelanders

The Supreme Court in Iceland has handed down a judgement that will be welcomed by Deaf Icelanders, and celebrated by the international Deaf community.

The **Icelandic Deaf Association** and Berglind Stefánsdóttir started proceedings against the National Broadcasting Service when it refused to provide simultaneous sign language interpretation of an important debate, the evening before the general election on 8th May 1999.

„Disability Tribune" (Bretland)

## ISLAND
## Døveforbundet vant rettssak mot islandsk-TV

Ny dom ved Islands Høyesterett: Det islandske døveforbundet vant saken om direkte tolkning av den store partilederdebatten 7. mai i år. Avgjørelsen falt dagen før valget til det islandske parlamentet, Altinget, - etter at døveforbundet i første omgang tapte saken ved Landsretten i Reykjavik.

„Døves tidskrift" (Noregur)

## Victoire juridique importante pour les Islandais sourds

La Cour suprême d'Islande a prononcé un jugement qui sera bien accueilli par les Islandais sourds et la communauté sourde internationale.

„Le tribun" (Frakkland)

*Det Islandske Døveforbund vandt en sensationel sejr over stats-TV'et*




Tegning af Teddy Witzansky.




## Eftirtalin fyrirtæki styrkja Félag heyrnarlausra:

Feró sf., Steinaseli 6
Fínverk ehf., Tungubakka 4
Gissur og Pálmi ehf., Staðarseli 6
Barna og unglingaverslunin Stjörnur, Álfabakka 12
Höfðakaffi, Vagnhöfða 11
Búlki ehf., Krókhálsi 10
Áfengis og tóbaksverslun ríkisins, Stuðlahálsi 2
Sjúkraþjálfun Önnu, Hraunbæ 102b
Efnalaug Árbæjar, Hraunbæ 102
Stórstúka Íslands I.O.G.T., Stangarhyl 4
Harðviðarval ehf., Krókhálsi 4
Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf., Grjóthálsi 7-11
MMC Fisktækni, Stangarhyl 6
Svanni sf., Stangarhyl 5
Höfðadekk ehf., Tangarhöfða 15
Sjúkraþjálfun, Hraunbergi 4
Þýðingastofa JC ehf., Æsufelli 6
Kjaraberg ehf., Vesturbergi 185
Myndir ehf., Depluhólum 5 jarðhæð
Ísloft blikk- og stálsmiðja ehf., Bíldshöfða 12
S.B.S.innréttingar trésmiðja, Hyrjarhöfða 3
SORPA, Gufunesi
Sprinkler pípulagnir ehf., Bíldshöfða 18
Íslandsbílar flutningar ehf., Eldshöfða 21
Bílastillingar, Hamarshöfða 3
Vélsmiðja Einars Guðbrandssonar sf., Funahöfða 14
Íslensk-austurlenska ehf., Bíldshöfða 14
Vaka ehf., björgunarfélag, Eldshöfða 6
Ísak hf., Bíldshöfða 16
Pricewaterhouse Coopers ehf., Höfðabakka 9
Bílaverkstæði Gísla Hermannsonar, Vagnhöfða 12
Bifreiðaverkstæði H.P., Hamarshöfða 6
Kul vélsmiðja, Smiðshöfða 17
Dalverk sf., Bíldshöfða 16
Stjörnusalat sf., Smiðshöfða 8
Toppgæði sf., Tangarhöfða 9
Hagi ehf., Malarhöfða 2
Aringerðin Eldon, Fannafold 97
Kraftur ehf., Vagnhöfða 1
Réttingaverkstæði Bjarna Gunanrssonar, Bíldshöfða 14
Einars H. Péturssonar ehf., Funafold 22
Plúsmarkaðurinn ehf., Hátúni 10b
Fólksbílaland ehf., Bíldshöfða 18
Ryðvörn Þórðar ehf., Smiðshöfða 1
Harka ehf., Hamarshöfða 7
Pökkun og flutningar sf., Smiðshöfða 1
Hörður Sveinsson og Co ehf., Bíldshöfða 16
Bílaréttingar Davíðs, Vagnhöfða 16
Hampiðjan hf., Bíldshöfða 9
Faxavélar ehf., Funahöfða 6
Húsun ehf., Hamarshöfða 6
Lögmenn Hafnarstræti 20 ehf., Hafnarstræti 20
Gallabuxnabúðin, Laugavegi 64
Ríkisútvarpið, www.ruv.is Efstaleiti 1
Tryggingastofnun ríkisins, Laugavegi 114
Íslandsbanki hf., Stórhöfða 17
Búnaðarbanki Íslands hf., Hverafold 1-3
Snyrtistofan Gyðjan ehf., Skipholti 70
Gull- og silfursmiðjan Erna ehf., Skipholti 3
VSÓ Ráðgjöf ehf., Borgartúni 20
Málmsteypa Ámunda Sigurðssonar ehf., Skipholti 23
Glaxo Wellcome ehf., Þverholti 14
Sjálfsbjörg landssamband fatlaðra, Hátúni 12
Rafmagnsveitur ríkisins, Rauðarárstíg 10
Ingimar H. Guðmundsson ehf., Skipholti 50b
Útfararstofa Kirkjugarðanna ehf., Vesturhlíð 2
Gala tískuhús, Laugavegi 101
Múrarameistarafélag Reykjavíkur, Skipholti 70
Passamyndir, Laugavegi 178
Lúmex ehf., Skipholti 37
Hafrún fiskbúð, Skipholti 70
Múlalundur vinnustofa S.Í.B.S., Hátúni 10c
Tannlæknastofa Guðrúnar Ólafsdóttur, Snorrabraut 29
Landgræðslusjóður, Suðurhlíð 38
Tannlæknastofa Barkar Thoroddsen, Borgartúni 33
Olíuverslun Íslands hf., Héðinsgötu 10
Söluturninn, Skipholti 37
Grunnur-Gagnalausnir ehf., Laugavegi 178
A.Wendel ehf., Sóltúni 1
Fasteignasalan Garður ehf., Skipholti 5
Svarti Svanurinn, Laugavegi 118
Efling stéttarfélag, Skipholti 50d
Ryðvarnarskálinn, Sóltúni 5
Jón og Guðmundur ehf., Hrísateigi 19
Garðtækni sf., Barmahlíð 52
Strætisvagnar Reykjavíkur, Borgartúni 35
Kjúklingastaðurinn Suðurveri, Stigahlíð 45-47
Sónn ehf., Einholti 2
Þingvallaleið ehf., Stigahlíð 56
Kemhydro-salan, Snorrabraut 87
Starfsmannafélag ríkisstofnana, Grettisgötu 89
Loftorka Reykjavík ehf., Skipholti 35
Háskólafjölritun, Fálkagötu 2
Grund elli- og hjúkrunarheimili, Hringbraut 50
Elja ehf., Fornhaga 11
Háskólafjöritun ehf., Fálkagötu 2
Skúli H. Norðdahl arkitekt, Víðimel 55
Tengi sf., Suðurlandsbraut 16
Sjúkravörur ehf., Suðurlandsbraut 52
Tannlæknafélag Íslands, Síðumúla 35
Nesradíó verkstæði, Síðumúla 19
Farmasía ehf., Síðumúla 32
Félag íslenskra hljómlistarmanna, Rauðagerði 27
Kúlulegasalan ehf., Suðurlandsbraut 20
KPMG Endurskoðun hf., Vegmúla 3
Endurskoðunar og bókhþjónustan ehf., Síðumúla 21
Greiðan hárgreiðslustofa, Háaleitisbraut 58-60
Verkstjórasamband Íslands, Síðumúla 29
Tölvar ehf., Síðumúla 1
Stilling ehf., Skeifunni 11
Véla- og tækjaleigan Áhöld ehf., Síðumúla 22
Heildverslun Stgr. Thorleifssonar, Síðumúla 17
Dýraríkið ehf., Fellsmúla 26
Topphúsið fataverslun, Mörkinni 6
H.P.húsgögn, Ármúla 44
Fasteignamiðlun, Síðumúla 11
Garðsapótek, Sogavegi 108
Lýsing hf., Suðurlandsbraut 22
Ottó B. Arnar ehf., Ármúla 29
Tékk-Kristall ehf., Suðurlandsbraut 48
ÓK endurskoðun, Ármúla 6
Jazzballettskóli Báru, Lágmúla 9
Faco ehf., Faxafeni 12
Lyngvík ehf., Síðumúla 33
Árvík hf., Ármúla 1
Deloitte & Touche endurskoðun hf., Ármúla 40
Álnabær ehf., Síðumúla 32
Optima, verslun, Ármúla 8
Plús Film ehf., Ármúla 38
Þroskahjálp landssamtök, Suðurlandsbraut 22
Eignamiðlunin ehf., Síðumúla 21
Raftækniþjónusta Trausta ehf., Síðumúla 9
Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3
G.R.M Endurskoðun, Ármúla 6
Hönnun hf., Síðumúla 1
Tannsmíðaverkstæðið ehf., Síðumúla 29
Skýrr hf., Ármúla 2
Epal hf., Skeifunni 6
Ferðaskrifstofa Íslands hf., Lágmúla 4
Ljósbær ehf., Faxafeni 14
Raftæknistofan hf., Grensásvegi 3
Ráðgarður hf., Furugerði 5
Þýðingaþjónusta Boga Arnars, Engjaseli 43
Verkfræðistofa Magnúsar Bjarnasonar, Lækjarseli 9
T.V. ehf., tækniþjónusta, Síðuseli 5
Jóger ehf., Jöklaseli 1
Búnaðarbanki Íslands hf., Hverafold 1-3

# Ritstjórapistill



Nú þegar þetta er skrifað heldur Félag heyrnarlausra upp á 40 ára afmæli sitt. Þetta eru merk tímamót fyrir fyrir félagið. Flestir heyrnarlausir á Íslandi eru fæddir 1964, ástæðan fyrir því er að rauðra hunda faraldur gekk yfir á þessum tíma og fæddust því 34 börn heyrnarlaus á þessu ári. Sjálf er ég fædd 1964 en er þó ekki rauðra hunda barn. Ég tel mig heppna að vera fædda á þessu ári og eignaðist þar með marga vini og kunningja í kringum þennan ‘64 hóp. Fyrstu kynni 64 hópsins af Félagi heyrnarlausra var í kringum 1980. Við vorum 16 ára þegar við máttum fara í Félag heyrnarlausra sem þá var á Skólavörðustíg 21. Spenningurinn og eftirvæntingin var mikil og fórum við tímalega af stað í strætó til að vera mætt kl. 20 á hverju fimmtudagskvöldi. Á þessum kvöldum var ýmislegt gert sér til gamans; bingó, félagsvist, leikrit, skemmtilegir leikir, en fyrst og fremst voru þessi kvöld fyrir fólk til að hittast fá fréttir af hinu og þessu og vita hvað væri framundan. Þessi kvöld voru nokkurskonar útvarp okkar. Þarna kynntumst við eldri heyrnarlausum og deildum með okkur sögu þeirra, hvernig líf þeirra hafði verið og hvernig fólk það væri. Þetta var á sinn hátt fólkið sem átti eftir að leiðbeina okkur síðar í lífinu, hvert á sinn hátt. Það sem ég vil segja með þessari sögu er að minna heyrnarlaust fólk og á þar með við okkur öll að við eigum að taka vel á móti yngstu kynslóð heyrnarlausra sem nú er að feta sín fyrstu fótspor í menningu og sögu heyrnarlausra. Verum dugleg að segja þeim frá lífi okkar fyrr á árum, því þeirra viðhorf til táknmálsins er allt annað en okkar eldri, þau fengu táknmál með móðurmjólkinni en við hin lærðum það á göngum skólans, það er mikill munur. Það tók mörg ár að eyða þessum mikla mun. Yngri kynslóðin stendur miklu betur að vígi hvða varðar menntun og atvinnumöguleika og er í flestum tilfellum betur undir þátttöku í þjóðfélaginu búin en við hin eldri vorum. Það fer ekki framhjá neinum sem þekkir vel til sögu Félags heyrnarlausra að breytingar á starfsemi félagsins hafa verið viðamiklar á þessum árum, félagið hefur breyst frá því að vera félag fyrir ýmiss konar félagslegar samkomur í öflugt félag sem hefur hagsmuni heyrnarlausra og réttindi þeirra að leiðarljósi. Döffblaðið sendir hér Félagi heyrnarlausra innilegar hamingjuóskir á þessum tímamótum og megi það dafna um ókomin ár.

Með afmæliskveðju
Sigurlín Margrét Sigurðardóttir
Ritstjóri Döffblaðsins

# Forsíðan



Myndin á forsíðunni er eftir Arnór Hreinsson. Arnór er fæddur í Vestmannaeyjum árið 1964. Hann stundaði nám í Heyrnleysingjaskólanum, á listabraut sama skóla frá 1980-1982. Stundaði nám við myndlistar-og handíðaskóla Íslands 1982-1986 og lauk þaðan prófi. Arnþór hefur haldið nokkrar samsýningar auk einkasýninga á Hótel Lind 1992 og á Akureyri 1996. Arnór er sjálfstætt starfandi.





# DÖFFblaðið:

**Ritstjóri:** Sigurlín Margrét Sigurðardóttir
**Ritnefnd:** Hafdís Gísladóttir og Anna R. Valdimarsdóttir

**Ábyrgðarmaður:** Berglind Stefánsdóttir

**Útgefandi:** Félag heyrnarlausra
Laugavegi 26
101 Reykjavík
sími: 561-3560, fax: 551-3567
netfang: feheyrn@ismennt.is

**Ljósmyndir:** Sóla
**Umbrot**: Grafíska smiðjan ehf.
**Prentun:** Prentverk Kjartans ehf.
**Upplag:** 2000 eintök

**Stjórn Félags heyrnarlausra:**
Berglind Stefánsdóttir formaður netfang: bettys@ismennt.is
Júlía G. Hreinsdóttir varaformaður netfang: juliahr@islandia.is
Sigurlín Margrét Sigurðardóttir ritari netfang: sigmarsi@islandia.is
Unnur Dóra Norðfjörð meðstjórnandi netfang: unnurdora@islandia.is
Guðrún Ólafsdóttir meðstjórnandi netfang: gudruno@bi.is

**Framkvæmdastjóri Félags heyrnarlausra:**
Hafdís Gísladóttir netfang: feheyrn@ismennt.is

# Ágrip af sögu heyrnar

## Ágrip af sögu heyrnarlausra

Saga heyrnarlausra á Íslandi er að mörgu leyti óskrifað blað. Nánast engar sagnfræðilegar rannsóknir hafa verið gerðar á sögu þessa minnihlutahóps sem búið hefur hér frá landnámi og þar sem táknmálið á sér ekki ritmál eru litlar heimildir til staðar. Það sem hefur verið ritað um heyrnarlausa á Íslandi er ritað frá sjónarhóli heyrandi en ekki heyrnarlausra. Því er það mikilvægt í framtíðinni að fá fram á sjónarsviðið heyrnarlausan sagnfræðing sem getur rannsakað sögu heyrnarlausra út frá þeirra eigin sjónarhóli. En hvar á hann eða hún að byrja, þ.e.a.s. heyrnarlausi sagnfræðingurinn? Jú væntanlega á sama stað og allir hinir, á því þegar fyrstu heimildir greina frá því að heyrnarlaus íslensk börn eru send til Danmerkur í Det Kongelige Dövstummeinstitut en sá skóli hafði verið starfandi frá 1807. Sú tilhögun hafði sína kosti og galla, nemendunir fengu góða menntun og kynntust sterku samfélagi heyrnarlausra en menntunin þeirra nýttist þeim ekki hérlendis og flestir sneru ekki aftur heim.

Þessi tilhögun lagðist að mestu af þegar sr. Páll Pálsson var skipaður fyrsti kennari heyrnarlausra á Íslandi árið 1867. Sr. Páll hafði verið sendur í Det Kongelige Dövstummeinstitut eftir að hann tapaði heyrn mjög skyndilega þegar hann stundaði nám í Latínuskólanum í Reykjavík. Dvölin úti gerði honum það gott að hann fékk heyrnina aftur en þó ekki fyrr en að hann hafði kynnst heyrnarlausum, tungumáli þeirra og menningu. Sr. Páll gerði það svo að ævistarfi sínu ásamt prestskap að kenna heyrnarlausum. Heimili hans var skólinn og innan veggja hans var samfélag heyrnarlausra á Íslandi á 19. öld. Sr. Páll hefur kennt nemendum sínum með því að nota „fingra- og bendingarmál" og var kennslan fólgin í því að læra að lesa, skrifa og undirbúa nemendurna undir fermingu ásamt því að þau unnu öll almenn störf á bænum. Menntun heyrnarlausra var svipuð þar sem skólinn fluttist til Reykjavíkur og Margrét Rasmuss tók við forstöðu hans í byrjun 20. aldarinnar. Margrét lagði einnig á það áherslu að nemendur skólans lærðu einhverja iðn til þess að búa þá undir framtíðina og auðvelda þeim atvinnuleit. Margrét notaði í kennslu sinni sömu aðferðir og fyrirrennarar hennar fram til 1920 að hún tók svokallað „mund-hånd-system" en það var notað til þess að tákna þá stafi sem var erfitt að lesa af vörum. Þessi þróun, að leggja meiri áherslu á kennslu talsmáls og varaaflestur var svo tekin upp af fullum þunga er Brandur Jónsson varð skólastjóri Málleysingjaskólans eins og hann hét árið 1944. Brandur aðhylltist talmálsstefnuna sem var ríkjandi í kennslumálum heyrnarlausra á þessum tíma en hún fól í sér að leggja höfuðáherslu á að kenna heyrnarlausum að tala og lesa af vörum. Talsmálsstefnan fól það einnig í sér að halda niðri táknmáli, jafnvel banna það eins og var gert í mörgum löndum Evrópu. Hérlendis var aldrei gengið svo langt en táknmálið var ekki leyft í kennslu og því fengu heyrnarlausir ekki kennslu í sínu móðurmáli. Halda mætti af þessu að heyrnarlausir hefðu glatað niður móðurmáli sínu en það sem Brandur gerði sér ekki grein fyrir að þar sem samhliða talmálsstefnunni var rekinn heimavistarskóli náði táknmálið að lifa áfram og þróast. Innan veggja heimavistarinnar kenndu eldri nemendur yngri nemendum tákn-



Séra Páll Pálsson

Anna R. Valdimarsdóttir



# lausra



málið og því er oft talað um heimavistarskólana sem vöggu menningu heyrnarlausra. Þessi stefna var ríkjandi fram til um 1980 er mikil hugarfarsbreyting á sér stað í heiminum og heyrnarlausir sjálfir fara að hefja upp raust sína af fullum krafti og krefjast viðurkenningar á móðurmáli sínu, táknmálinu. Í dag miðast kennsla heyrnarlausra við svokallað tvítyngisstefnu en tvítyngi þýðir að gera einstaklinginn fullfæran í tveimur tungumálum, í þessu tilviki táknmáli og lesinni og skrifaðri íslensku. Heyrnarlausir fá kennslu í táknmáli og er kennd íslenska á táknmáli. Breytingin frá talsmálsstefnunni yfir í táknmáið er ekki orðin endanleg þar sem íslenska táknmálið er ekki viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra á Íslandi en barátta félagsins fyrir viðurkenningunni hefur farið sífellt vaxandi síðastliðin 10 ár og er í dag aðalbaráttumál Félags heyrnarlausra. Allt frá stofnun félagsins hefur starfsemi þess og hversu vel því hefur gengið að fá fram ýmsum baráttumálum sínum verið samofin því hvernig staða heyrnarlausra er í samfélaginu. Því sterkari sem heyrnarlausir eru, því betur gengur. Í byrjun lagði félagið mesta áherslu á að halda utan um samfélag heyrnarlausa með ýmiskonar skemmtidagskrá en eftir því sem tímar liðu fór þetta að breytast og félagið fór að beita sér í ríkari mæli í réttindabaráttu heyrnarlausra. Þetta varð samhliða því að heyrnarlausir urðu meðvitaðri um rétt sinn, móðurmál og menningu og eftir því sem árin hafa liðið hafa baráttumálin og baráttuaðferðinar breyst. Það sem helst ýtti undir aukna meðvitund meðal heyrnarlausra er sú Norðurlandasamvinna sem félagið hefur tekið þátt í frá því á áttunda áratugnum. Sú reynsla og þekking sem Norðurlönd höfðu komið sér upp var mikill stuðningur við heyrnarlausa á Íslandi og félagið leitaði mikið til Norðurlandanna eftir ráðgjöf, sérstaklega á fyrstu árunum.



**Frá Degi heyrnarlausra**

Norðurlandasamvinnan fól meðal annars í sér að árið 1986 var haldin hérlendis fyrsta norræna menningarhátíð heyrnarlausra en hátíðin hafði mikil áhrif og vakti heyrnarlausa til umhugsunar um hvernig væri hægt að brjóta niður þá múra í samfélaginu sem umlykja heyrnarlausa og opna þeim leiðir til þess að tengjast hinu heyrandi samfélagi en á hátíðinni komu fram á sjónarsviðið í fyrsta sinn táknmálstúlkar á Íslandi. Segja má að hátíðin hafi markað ákveðin þáttaskil í sögu félagsins og eftir hana varð réttindabaráttan ákveðnari og einbeittari. Margt hefur áunnist á þeim 40 árum frá stofnun félagsins þó svo að enn-þá séu stórar hindranir í veginum sem þarf að komast yfir áður en heyrnarlausir njóta sama réttar og aðrir samfélagsþegnar. Hindranirnar eru af ýmsum toga en þekkingarleysi hins heyrandi samfélags er meðal þeirra stærstu sem þarf að yfirvinna.

**Anna R. Valdimarsdóttir**

# Samskiptami heyrna

## Markmið og verkefni

Markmið Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra er að stuðla að jafnrétti heyrnarlausra til þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls. Hlutverk Samskiptamiðstöðvar er að vinna að rannsóknum á íslensku táknmáli, kennslu táknmáls, táknmálstúlkun og annarri þjónustu sem tengist samskiptum heyrnarlausra og heyrnarskertra. Stofnunin skal hafa samstarf við svæðisskrifstofur um málefni fatlaðra, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins, Vesturhlíðarskóla, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Námsgagnastofnun og aðra opinbera aðila varðandi málefni er snerta starfsemi þeirra. Sama gildir um samstarf við félög áhugamanna.

Á árunum eftir að Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) var stofnuð upp úr 1990 fór mikill hluti vinnunnar í að auka skilningi á nauðsyn táknmálsins í uppeldi og menntun heyrnarlausra og ekki síður í að upplýsa fólk um að eðlilegt væri að heyrnarlausir sjálfir ættu að hafa áhrif á ákvarðanir sem vörðuðu þá. Menn þyrftu þar af leiðandi að gera ráð fyrir túlkaþjónustu þegar talað væri við heyrnarlausa eða málefni heyrnarlausra væru til umfjöllunar.

## Staðan þá / Fyrstu skrefin

Þegar SHH tók til starfa fengu heyrnarlausir ekki þjónustu á táknmáli í þjóðfélaginu. Engar rannsóknir voru stundaðar á íslenska táknmálinu og lítið var vitað um það. Engin námskeið eða menntun var til fyrir táknmálskennara, regluleg táknmálsnámskeið voru ekki í boði og engin táknmálstúlkamenntun var til í landinu. Hvergi var unnið markvisst að námsefnisgerð í táknmáli eða stundaðar rannsóknir. Þetta þýddi auðvitað að foreldrar og fjölskyldur heyrnarlausra og kennarar í Heyrnleysingjaskólanum, fóstrur og aðrir þeir er áttu að koma börnunum til þroska gátu hvergi lært táknmál. Fullorðið heyrnarlaust fólk hafði mjög takmarkaðan aðgang að túlkum og engin opinber túlkaþjónusta var til. Þannig hafði það lítinn aðgang að menntastofnunum eða öðru í samfélaginu sem krefst samskipta á máli.

Lausnin á þessari einangrun heyrnarlausra var að sjálfsögðu sú að fleiri kynnu táknmál sérstaklega foreldrar, fjölskyldur og kennarar barnanna og svo var mjög mikilvægt að mennta túlka.

## Verkefnin sem biðu

Þörfin fyrir stofnun Samskiptamiðstöðvar var orðin mikil og gríðarlegt uppbyggingarstarf beið. Nánast alls staðar þurfti að byrja á byrjunarreit. Gott dæmi er menntun túlka. Hefja varð rannsóknir á táknmáli, semja námsefni, mennta táknmálskennara, ná samningum við menntastofnun um að bjóða námið og búa til túlkanám. En þótt þörfin fyrir túlka hafi alltaf verið sýnilegasta ástæðan fyrir stofnun Samskiptamiðstöðvar var hins vegar uppbygging á táknmálsumhverfi í kringum þau heyrnarlaus börn sem fæðast, táknmálskennsla fyrir fjölskyldur heyrnarlausra barna að öllum líkindum langmikilvægasta verkefnið.

## Nám í táknmálsfræði og túlkun

Stærsta verkefni sem Samskiptamiðstöðin hefur hingað til ráðist í var nám í táknmáli og túlkun í samvinnu við Háskóla íslands en það hófst 1994 og því lauk 1998. Námið var 100 einingar, að öllu leyti greitt af Samskiptamiðstöð og fólst í því að kenna táknmálsfræði við heimspekideild tvisvar sinnum til 60 eininga á árunum 1994-1996 og 1995-1997 og bjóða við bótarnám í táknmálstúlkun tvisvar, 1996-1997 og 1997-1998. Alls hafa 52 nemendur lokið prófi í einhverjum námskeiðum greinarinnar. Fjórir hafa lokið B.A.-prófi með táknmál sem aðalgrein og einnig viðbótarnámi í táknmálstúlkun. Tíu til viðbótar hafa lokið 60 einingum í táknmáli auk viðbótarnámsins og margir hafa lokið B.A.-prófi í greininni sem aðal- eða aukagrein í Háskóla Íslands eða farið í Kennaraháskóla Íslands.

Á Samskiptamiðstöð eru nú starfandi níu túlkar sem stunduðu námið, einn við Menntaskólann við Hamrahlíð og auk þess er einn túlkur sjálfstætt starfandi. Á rannsóknarsviði Samskiptamiðstöðvar er einn starfsmaður með B.A.-próf í táknmálsfræði. Tveir starfsmenn hjá Félagi heyrnarlausra eru með menntun í táknmálsfræði og tveir í Vesturhlíðarskóla.

## Rannsóknir og nýsköpun

Á undanförnum misserum hefur megin-þungi táknmálsrannsókna á Samskiptamiðstöð legið innan verkefnisins Völundurnámsgagnagerð en það er þriggja ára verkefni styrkt af Sókratesáætlun Evrópusambandsins. Verkefnið felst í námsefnisgerð í dönsku fyrir heyrnarlausa nemendur og hagnýtum rannsóknum á því hvernig hægt er að setja fram námsefni fyrir heyrnarlausa í tungumálum. Útkoman verður námsefni í dönsku með 44 frásögnum á dönsku og íslensku táknmáli og dönsku og dönsku táknmáli í margmiðlunarformi, spil til þess að auka samskipti á dönsku ritmáli, myndbönd um málfræði og menningartengt efni ásamt kennsluleiðbeiningum. Jafnhliða vinnuferlinu hafa farið fram rannsóknir á málfræði táknmálsins svo sem þátíð, fleirtölu og orðaröð sem er ólík því sem gerist í raddmálum. Samanburður hefur verið gerður á táknmáli og dönsku, bæði að því er varðar stíl og merkingarlegt innihald. Þar sem táknmálið hefur ekki ritmál verður samanburðurinn líka á milli talmáls og ritmáls.

# ðstöð rlausra

**Valgerður Stefánsdóttir**



Við gerð námsefnisins hafa einnig komið upp fjölmargar spurningar varðandi það hvernig æskilegast sé að námsefni fyrir heyrnarlausa sé sett fram, bæði að því er varðar inntak og framsetningu.

Að lokum má geta allrar þeirrar þekkingar sem hefur skapast innan stofnunarinnar um gerð námsefnis fyrir heyrnarlausa og hugmyndafræði tvítyngis þar sem táknmálið er sett í öndvegi en sú hugmyndafræði liggur til grundvallar verkefninu. Verkefnið hófst árið 1997 og áformað er að því ljúki í maí 2000.

Sókratesstyrkurinn hefur eflt mjög starfsemi stofnunarinnar og fært henni mikla reynslu og nýja þekkingu. Tilraunakennsla á þessu margmiðlunarnámsefni fyrir heyrnarlausa hófst á vorönn 1998 og eru samstarfsskólarnir tveir Menntaskólinn við Hamrahlíð og Vesturhlíðarskóli.

## Nýr hugbúnaður til námsefnisgerðar

Námsefnið sem um ræðir byggir á notkun nýs hugbúnaðar fyrir PC-tölvur, sem Trausti Þór Kristjánsson rafmagnsverkfræðingur hefur þróað í samvinnu við SHH og hefur forritið vakið athygli víða um heim. Margar fyrirspurnir hafa borist til SHH og fyrsti sölusamningurinn vegna sölu á því var gerður við Nationalt Læremiddelsenter í Noregi þann 27. febrúar 1998.

## Táknmálsnámskeið

Á Samskiptamiðstöð eru haldin táknmálsnámskeið fyrir fjölskyldur heyrnarlausra, almenning, stofnanir og fyrirtæki sem heyrnarlausir skipta við, leikskóla og skóla þar sem heyrnarlausir stunda nám og fyrir alla þá sem áhuga hafa á því að læra táknmál.

Á fyrsta árinu sóttu um 50 manns námskeið í táknmáli á vegum stofnunarinnar en á þeim níu árum sem stofnunin hefur starfað hafa um 4000 manns sótt táknmálsnámskeið.

**Sex framhaldsskólar hafa haft táknmálskennslu sem valfag á námsskrá sinni og sífellt meiri eftirspurn er eftir táknmálsnámskeiðum í framhaldsskólum.**

Allar fjölskyldur heyrnarlausra og heyrnarskertra barna sem fædd eru eftir 1995 og leita til Samskiptamiðstöðvar hafa fengið byrjendanámskeið í táknmáli heima eða í Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra. Barnatáknmálsnámskeið hafa verið haldin fyrir börn og systkini heyrnarlausra. Einnig hafa verið í boði námskeið fyrir heyrnarskert börn. Þá er boðið upp á táknmálsnámskeið fyrir einstaklinga sem hafa misst heyrn eða hafa ekki tengst samfélagi heyrnarlausra auk daufblindra. Sex framhaldsskólar hafa haft táknmálskennslu sem val á námsskrá sinni og sífellt meiri eftirspurn er eftir táknmálsnámskeið um í framhaldsskólum.

Samhliða námskeiðahaldinu fer fram námsefnisgerð í táknmáli og talsverð framleiðsla myndbanda. Þar er um að ræða kennsluefni, menningarefni og efni til rannsókna. Gríðarlega mikil reynsla af kennslu táknmáls er orðin til í Samskiptamiðstöðinni. Þessi reynsla hefur fengist á almennum og sérsniðnum námskeið um fyrir fólk á ýmsum aldri, í mismunandi stöðu og á öllum skólastigum allt frá leikskólastigi og upp á háskólastig og bæði þar sem táknmálið er kennt sem móðurmál og sem annað mál. Einn táknmálskennari hefur unnið á Samskiptamiðstöðinni nánast frá upphafi og fleiri hafa bæst við, eftir að hafa farið á táknmálskennaranámskeið stöðvarinnar sem eru haldin eftir þörfum og eftirspurn.

## Túlkaþjónustan

Sú þjónusta sem mest fer fyrir og flestir vinna við á Samskiptamiðstöðinni er túlkaþjónusta. Samskiptamiðstöðin veitir táknmálstúlkaþjónustu, rittúlkaþjónustu og túlkaþjónustu fyrir daufblinda. Um áramót 1999-2000 voru níu táknmálstúlkar og tveir rittúlkar ásamt deildarstjóra fastráðnir við túlkaþjónustuna. Auk þeirra störfuðu fleiri táknmálstúlkar, túlkur fyrir daufblinda og rittúlkur í lausavinnu við túlkaþjónustu. Sífellt meiri eftirspurn er eftir túlkaþjónustu en réttur heyrnarlausra til túlkunar hefur ekki enn fengist tryggður með öruggum hætti og enn er skortur á túlkum.



Fyrstu túlkarnir ásamt kennurum

Á hverju ári eru túlkaðir um 3000 tímar vegna ýmissa erinda heyrnarlausra úti í heyrandi heimi en auk þess nota 15-20 heyrnarlausir nemendur að jafnaði túlkaþjónustu í skólum og eru þar túlkaðir 6-7000 tímar á hverju ári. Hægt er nú að sinna um 70% af þeim pöntunum sem berast.

## Önnur þjónusta sem veitt er á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra veitir upplýsingar um heyrnarleysi, heyrnarskerðingu og daufblindu til fjölskyldna heyrnarlausra/heyrnarskertra/daufblindra, starfsfólks sem vinnur

með þeim, stjórnvalda, skóla, stofnana og erlendra aðila. Þessi upplýsingavinna á sér stað beint með fyrirlestrum, þátttöku í fundum, símtölum, tölvupósti, þátttöku í ráðstefnum og póstlistum á Internetinu. Einnig koma hópar, t.d. framhaldsskólanemar eða háskólanemar og einstaklingar á Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra og fá fræðslu um starfsemi hennar, heyrnarleysi, heyrnarskerðingu eða táknmál. Bókasafn á Samskiptamiðstöð er sérhæft bóka- og myndbandasafn um táknmál og samskipti við heyrnarlausa og heyrnarskerta. Bókasafnið er til dæmis notað af starfsfólki sem vinnur með heyrnarlausum og einstaklingum eða námsfólki sem er að vinna að verkefnum á sviði heyrnarleysis. Samskiptamiðstöð hefur veitt námsfólki handleiðslu í að skrifa smærri verkefni um táknmál og heyrnarleysi. Þess má auk þess geta að nokkrir nemendur hafa skrifað B.Ed.-ritgerð frá Kennaraháskóla íslands eða B.A.-ritgerð frá Háskóla íslands, þar sem táknmál er í brennidepli, undir handleiðslu starfsmanna, sem unnið hafa á Samskiptamiðstöð og með bókakosti stofnunarinnar.

## Samvinna

Samskiptamiðstöð vinnur með Háskóla Íslands að áframhaldandi háskólamenntun um táknmál og heyrnarleysi. Stofnunin vinnur einnig með ýmsum innlendum aðilum og stofnunum svo sem Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Námsgagnastofnun, Vesturhlíðarskóla, Menntaskólanum við Hamrahlíð, sveitarfélögum og skólaskrifstofum. Samskiptamiðstöðin hefur margs konar samvinnu við svipaðar stofnanir á Norðurlöndum á sviði námsefnisgerðar fyrir heyrnarlausa, túlkanáms, túlkaþjónustu, daufblindu og fleira. Nemendur í meistaraprófsnámi við erlenda háskóla hafa fengið aðstöðu til táknmálsrannsókna á stofnuninni. Margt hefur gerst á níu árum. Umhverfið sem Samskiptamiðstöð vinnur í og þau viðhorf og kröfur sem starfsmenn hennar mæta hafa tekið miklum breytingum. Heyrnarlausir geta fengið þjónustu á táknmáli í sífellt fleiri tilvikum. Það sem hefur þó fyrst og fremst gerst með tilkomu Samskiptamiðstöðvarinnar er að það hefur orðið til þekking, í þekkingarmiðstöð, sem safnar og þróar þekkingu með rannsóknum, beinum samskiptum við heyrnarlausa, heyrnarskerta og daufblinda, fjölskyldur þeirra og aðra hér og erlendis, samvinnu við íslenskar og erlendar stofnanir, háskóla og vísindastofnanir. Þessi þekkingarmiðstöð getur miðlað þekkingu til einstaklinga, hópa, stofnana og yfirvalda með ráðgjöf, fræðslu, námskeiðahaldi, námstilboðum og útgáfu og staðið sem grunnur að þeirri menntun sem nauðsynleg er til þess að heyrnarlausir geti fengið þjónustu sem víðast í þjóðfélaginu á grundvelli táknmáls. Hún stuðlar jafnframt að því að þeir fái tækifæri til þess að læra til fullnustu táknmál, fái kennslu á því máli og geti notað táknmál við sem flestar aðstæður.

## Framtíðarsýn

Framtíðarsýn okkar sem vinnum á stöðinni er að táknmálið muni njóta sömu virðingar og önnur mál og að heyrnarlausum verði mögulegt að taka fullan þátt í þjóðfélaginu á grundvelli þess. Að heyrnarlausir hafi rétt á að ákveða sjálfir hvaða mál er móðurmál þeirra og aðrir viðurkenni og virði þá ákvörðun.

**Valgerður Stefánsdóttir hefur veitt SHH forstöðu frá upphafi.**


## Eftirtalin fyrirtæki styrkja Félag heyrnarlausra:

**Akureyri**
**Höldur ehf., Tryggvabraut 12**
**Félag málmiðnaðarmanna Akureyri, Skipagötu 14**
**Vaxtarræktin Akureyri, Skólastíg Íþróttahöll**
**Ynja ehf., Brekkugötu 4**
**Ösp sf., trésmiðja, Gránufélagsgötu 45**
**Vörður-Vátryggingafélag, Skipagötu 9**
**Teiknistofa KGÞ ehf, Tryggvabraut 22**
**Vélsmiðjan Ásverk ehf, Gránufélagsgötu 47**
**Flytjandi, Strandgötu**
**Verkval verktaki, Naustafjöru 4**
**Pedromyndir ehf., Skipagötu 16**
**Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri, Eyrarlandsvegi**
**Akurliljan, fataverslun, Hafnarstræti 100**
**KPMG Endurskoðun Akureyri hf, Glerárgötu 24**
**Alprent prentsmiðja, Glerárgötu 24**
**Fatahreinsunin ehf., Hofsbót 4**
**Verkfræðistofa Norðurlands ehf., Hofsbót 4**
**Hita- og vatnsveita Akureyrar, Rangárvöllum**
**Tannverk sf., Mýrarvegi Kaupangi**
**Félag verslunar- og skrifstofufólks, Skipagötu 14**
**Akureyrarkaupstaður, Geislagötu 9**
**Valtýr Þorsteinsson ehf., Bjarmastíg 4**
**Möl og sandur hf., Súluvegi**
**Lögmannsstofa Akureyrar hf., Geislagötu 5**
**Baugsbót ehf., Frostagötu 1b**
**Tannlæknastofa Sigrúnar, Þórunnarstræti 114**
**Íris sf., fatagerð, Grænumýri 10**
**Sporthúsið ehf., Hafnarstræti 94**
**Norðurmynd ehf., Hafnarstræti 90**
**Arnarneshreppur**
**Skriðuhreppur**
**Öxnadalshreppur**
**Rafiðn ehf., Tungusíðu 4**
**Vaggan sf., Sunnuhlíð 12**
**Hársnyrtistofan Samson, Sunnuhlíð 12**
**Gistiheimilið, Stórholti 1**
**Bílvirki ehf., Fjölnisgötu 6d**
**Húsprýði sf., Múlasíðu 48**
**Kjarnafæði sf., Fjölnisgötu 1b**
**Sjálfsbjörg Akureyri, Bugðusíðu 1**

**Grenivík**
**Hlaðir ehf., Melgötu**

**Grímsey**
**Sigurbjörn ehf, Grund**
**Grímseyjarhreppur**
**Sæbjörg ehf, Öldutúni 3**

**Dalvík**
**Daltré ehf., Hafnarbraut 1**
**Tréverk ehf., Grundargötu 8-10**
**Ísstöðin hf., Dalvíkurhöfn**
**Katla ehf., byggingarfélag, Melbrún 2**
**BHS ehf., Fossbrún 2**
**Gistihús Ytri-Vík, Ytra-Kálfskinni**

**Ólafsfjörður**
**Ólafsfjarðarkaupstaður, Ólafsvegi 4**
**Heilsugæslustöðin Hornbrekka, Ólafsfjarðarvegi**
**Kökuhornið ehf., Hafnargötu 16**
**Tískubúðin Marsibil ehf., Aðalgötu 7**
**Hárgreiðslustofan Ósk, Aðalgötu 1**
**Rest ehf., Ráðhúsi**
**Vélsmiðja Ólafsfjarðar ehf., Strandgötu 20**

**Hrísey**
**Hríseyjarhreppur, Skólavegi Ráðhúsi**
**Útgerðarfélagið Hvammur hf, Hólabraut 2**

**Húsavík**
**Landvist ehf., Höfða 2**
**Húsavíkurkaupstaður, Ketilsbraut 9**
**Langanes hf., Skólagarði 6**
**Uggi fiskverkun, Höfðabrekku 23**
**Fiskiðjusamlag Húsavíkur hf., Garðarsbraut 14**
**Fatahreinsun Húsavíkur sf., Túngötu 1**
**Baktus ehf., tannlæknaþjónusta Sigurjóns Benediktssonar, Auðb**
**Málningarþjónusta Húsavíkur ehf., Grundargarði 4**
**Skóbúð Húsavíkur, Garðarsbraut 13**
**Netagerðin Höfði ehf., Suðurgarði**

**Ljósavatnshreppur**
**Tjörneshreppur**
**Trésmiðjan Rein ehf., Rein**

**Reykjahreppur**
**Fosshóll**

**Bárðdælahreppur**
**Laugar**
**Laugafiskur hf., Laugum**

**Raufarhöfn**
**Kristján M Önundarson, Miðás 5**

**Þórshöfn**
**Svalbarðshreppur**

**Vopnafjörður**
**Verkalýðsfélag Vopnafjarðar, Lónabraut 4**
**Sláturfélag Vopnfirðinga hf., Hafnarbyggð 6**

**Egilsstaðir**
**Malarvinnslan hf., Miðási 33-35**
**Innrömmun og speglagerð, Tjarnarási 6**
**Birta ehf., Lagarási 8**
**Verkalýðsfélag Fljótsdalshéraðs og Borgarfjarðar, Miðvangi 2**
**Bílasalan Fell sf., Lagarbraut 4c**
**Trésmiðja Fljótsdalshéraðs hf., Kauptúni 1 Fellabæ**
**Trésmiðja Guðna Þórarinssonar, Másseli**

**Seyðisfjörður**
**Gullberg ehf., Langatanga 5**

**Eskifjörður**
**Hótel Askja, Hólsvegi 4**
**Verkamannafélagið Árvakur, Botnabraut 3a**

**Neskaupstaður**
**Lífeyrissjóður Austurlands, Egilsbraut 25**
**Rafgeisli Tómas R. Zoëga ehf., Hafnarbraut 10**
**Tónspil, Hafnarbraut 2a**

**Fáskrúðsfjörður**
**Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga, Skólavegi 59**
**Sólborg ehf., Búðavegi 35**



**Kristjana Mjöll Sigurðardóttir**

# Sambýlið Lækjarási 8

Sambýlið Lækjarási 8, 110 Reykjavík var stofnað 31. mars 1998. Þetta er sambýli fyrir einstaklinga sem eru bæði einhverfir og heyrnarlausir. Ástæðan fyrir stofnun þessa sambýlis var sú að ekki var neitt sambýli til á Íslandi sem þjónaði þörfum heyrnarlausra einstaklinga sem einnig eru þroskaheftir. Aðdragandinn að stofnuninni var þó nokkur og komu ýmsir þar við sögu. Niðurstaðan varð sú að Öryrkjabandalag Íslands keypti einbýlishús í rótgrónu hverfi. Húsinu var breytt eins og kostur var þannig að það gæti nýst sem sambýli. Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík sér um launakostnað starfsmanna o.þ.h. Húsgögn í sameiginlegt rými voru keypt fyrir framlag frá Framkvæmdasjóði fatlaðra einnig búsáhöld, raftæki o.fl. Íbúar þurftu sjálfir að kaupa húsgögn inn í herbergi sín. Í upphafi var gert ráð fyrir að sex íbúar myndu búa á sambýlinu. Fjórir íbúar fluttu strax inn, en bið hefur orðið á því að fleiri bættust í hópinn. Frá upphafi var gert ráð fyrir að á sambýlinu yrði táknmálsumhverfi þ.e. að málið sem talað yrði væri táknmál og allar aðstæður yrðu miðaðar við þarfir heyrnarlausra. Íbúarnir fjórir eru á aldrinum 35 til 45 ára, þrír karlmenn og ein kona. Þau heita Gísli, Anna, Hannes og Siggi Þór. Gísli, Anna og Hannes komu frá Kópavogshæli en Siggi Þór kom frá öðru sambýli en hann áður hafði verið búsettur á Sólheimum í Grímsnesi í mörg ár. Þau sem voru á Kópavogshæli höfðu verið þar frá blautu barnsbeini. Þegar þetta er skrifað eru ellefu starfsmenn á sambýlinu í 8 1/2 stöðugildi, þar af eru tíu heyrnarlausir. Allir starfsmenn eru táknmálstalandi. Allir íbúar eru, heyrnarlausir, einhverfir og þroskaheftir. Auk þess eru sumir þeirra með aðrar fatlanir. Það má því segja að þau séu öll fjölfötluð. Ekkert þeirra hafði verið í táknmálsumhverfi áður en þau fluttu á sambýlið. Sum þeirra höfðu lært einstaka tákn yfir fáa hluti, eða notað Bliss-táknkerfið. Í raun höfðu þau alist upp án nokkurs máls vegna þess að fjölskyldur þeirra og starfsfólk sem vann með þeim töluðu ekki táknmál, sem er mál heyrnarlausra. Á þeim tíma sem þau voru að alast upp, tíðkaðist ekki að kenna táknmál. Heyrnarlausir einstaklingar sem voru heilbrigðir að öðru leyti lærðu t.d. táknmál hvert af öðru en ekki af fjölskyldumeðlimum eða starfsfólki Heyrnleysingjaskólans. Íbúarnir höfðu ekki þetta tækifæri þar sem þeir voru ekki innan um aðra heyrnarlausa, heldur á stofnun. Gísli,

**Þau höfðu u.þ.b. tíu þús. kr. í vasapening á mánuði. Fyrir þann pening þurftu þau að kaupa öll sín föt, snyrtivörur, húsgögn, tómstundavörur o.fl.**

Anna, Hannes og Siggi Þór fengu heldur ekki þjónustu varðandi einhverfu sína fyrr en þau fluttu á sambýlið og er þeim þætti ekki nægilega sinnt ennþá. Það má því segja að þau hafi öll búið við afar óviðunandi aðstæður og mjög mikla einangrun allt sitt líf. T.d. vissu þau ekki nafnið sitt þegar þau fluttu inn og gerðu sér ekki grein fyrir því að annað fólk héti nöfnum. Þau höfðu ekki tákn yfir vilja sinn og langanir og voru mjög frumkvæðislaus varðandi allt daglegt líf. Þau báru merki um stofnanaskaða t.d. sátu þau gjarna og rugguðu sér ef þau höfðu ekkert fyrir stafni. Einnig hafa þau tilhneigingu til að klára matinn sinn og drykki mjög hratt af ótta við að annars verð þesu stolið frá þeim. Starfsfólk varð að læra að þekkja vilja þeirra og hvetja þau til þess að tjá sig. Það er t.d. gert með því að láta þau herma eftir táknum og tengja táknin við athafnir, hluti og mat. Sífelldar endurtekningar og mikil þolinmæði er það sem þarf. Hvert lítið skref í þroska og frumkvæði er kraftaverk í augum okkar starfsmanna. T.d. fór Anna eitt sinn í matvöruverslun með starfsmönnum. Hún fór beint að gosrekkanum og tók sér tveggja lítra kókflösku. Þarna sýndi hún frumkvæði og vilja. Starfsmenn urðu himinlifandi yfir frumkvæði hennar og sennilega Anna líka því hún fékk kók. Miklar framfarir eru merkjanlegar hjá öllum íbúum eftir að þau fluttu á sambýlið. T.d. hefur lyfjanotkun flestra þeirra verið minnkuð mikið. Dregið hefur úr notkun sumra lyfja og önnur lyf er hreinlega hætt að gefa. Það hefur betri áhrif á þau og er ódýrara fyrir samfélagið. Þau skilja orðið töluvert í táknmáli og sýna frumkvæði (mismikið þó). Einnig hefur dregið úr neikvæðri hegðun eins og sjálfsmeiðingu og ögrun við umhvefið. Kópavogshæli telst til Ríkisspítala og þeir sem dvelja á spítölum í langan tíma missa rétt til örorkubóta. Þannig var því varið hjá Gísla, Önnu og Hannesi. Þau bjuggu áratugum saman á Kópavogshæli og töldust því sjúklingar. Þau höfðu u.þ.b. tíu þús. kr. í vasapening á mánuði. Fyrir þann pening þurftu þau að kaupa öll sín föt, snyrtivörur, húsgögn, tómstundavörur o.fl. Einnig þurftu þau að borga fyrir fylgdarmann sinn ef farið var eitthvert t.d. í bíó, á veitinga- eða kaffihús o.s.frv. Þess vegna var fjárhagsstaða þeirra heldur döpur þegar þau fluttu inn. Komin á fertugs og fimmtugs aldurinn og þau áttu ekkert nema fáeinar flíkur og húsgögn í misgóðu ástandi og rýra bankareikninga. Eftir að þau fluttu á sambýlið fá þau örorkubætur u.þ.b. 60.000 kr. á mán. Þau þurfa að borga 75% af bótunum til reksturs sambýlisins. Snyrtivörur, ferðaþjónustu fatlaðra, skemmtanir, fatnað, ferðalög, húsgögn o.s.frv. kaupa þau sjálf. Og eins og áður segir þurfa þau að borga fyrir fylgdarmann hvert sem farið er. Við höfum reynt að drýgja tekjur heimilisins með því að búa til gjafa- og jólakort og safna endurvinnanlegum dósum og flöskum. Nágrannar okkar í Lækjarásnum og Seláshverfinu hafa verið alveg yndislegir.



**Nágrannar okkar í Lækjarásnum og Seláshverfinu hafa verið alveg yndislegir. Okkur hefur verið tekið opnum örmum og ekkert annað en vinsemd og hlýhugur mætt okkur.**

Okkur hefur verið tekið opnum örmum og ekkert annað en vinsemd og hlýhugur mætt okkur. Fólk hefur gefið sambýlinu dósir og flöskur, sælgæti og jafnvel peninga. Það er brosað til okkar og veifað og spjallað við okkur. Auðvitað ganga tjáskipti stundum brösuglega þar sem starfsmenn tala flestallir einungis táknmál og nágrannar okkar íslensku. Vissulega var kvíði í byrjun vegna væntanlegs sambýlis í Lækjarási og við og aðrir vorum á varðbergi. Kannski var sá kvíði bara af hinu góða og stuðlaði að betri samskiptum. Allavega erum við mjög ánægð með nágranna okkar og við vonum að það sé gagnkvæmt. Einnig hefur okkur verið afar vel tekið af samfélagi heyrnarlausra og ekki er annað að sjá en félagið sé stolt af þessum nýju félagsmönnum sínum. Prestur heyrnarlausra sr. Miyako Þórðarson hefur reynst okkur afar vel og tekið íbúum með sinni alþekktu hlýju og virðingu. Daglegt líf íbúa er í nokkuð föstum skorðum. Á morgnana fara þau á vinnustofur og eftir hádegi eru þau í sjúkraþjálfun, táknmálskennslu, sinna heimilisverkum og áhugamálum, fara í sund og gönguferðir og heimsækja Félag heyrnarlausra. Öll hafa þau fengið kennslu í myndlist en Siggi Þór og Gísli hafa sýnt töluverða hæfileika og getu á myndlistarsviðinu. Þeir voru t.d. með sölusýningu á Mokka sem fékk góða umfjöllun og verðskuldaða athygli. Allir íbúar ásamt sjö starfsmönnum fóru til Mallorka haustið 1999. Ferðin gekk í alla staði mjög vel. Greinilegt var að Gísli, Anna, Hannes og Siggi Þór nutu lífsins. Þeim þótti gott að vera í sólinni, svamla í sundlauginni og fá að borða á veitingastöðum. Þau fengu fjárstyrk frá nokkrum aðilum, m.a. Félagi heyrnarlausra. Ferðin var dýr því þau þurftu að borga fyrir sig og fylgdarmenn sína, bæði ferðakostnað og uppihald. Ágóði af korta- og dósasölu var einnig notaður í ferðasjóð. Ætlunin er að fara aftur í sólina við fyrsta tækifæri. Að lokum er vert að minnast á hlut starfsmanna í rekstri heimilisins. Eins og allir vita þá er góður starfskraftur það dýrmætasta á hverjum vinnustað. Í upphafi var mótuð sú stefna að starfsmenn ættu að tala táknmál til þess að skapa það táknmálsumhverfi sem nauðsynlegt er íbúum. Heyrnarlausir sýndu sambýlinu strax mikinn áhuga og hafa alltaf verið í miklum meirihluta starfsmanna. Það hefur komið í minn hlut að ráða starfsfólk að sambýlinu. Ég þekkti vel heyrnarlausa áður en ég hóf starf sem forstöðumaður sambýlisins. Sú reynsla ýtti undir þá skoðun mína að til þess að hér yrði táknmálsumhverfi þyrftu heyrnarlausir að vera meirihluti starfsfólks. Starfsmenn hafa staðið sig afbragðs vel og sinnt íbúum af mikilli natni og vakað yfir velferð þeirra. Nokkrir starfsmenn hafa hætt vegna álags eða af öðrum ástæðum. Starf stuðningsfulltrúa á sambýli er mjög krefjandi. Það er mikið álag að vera alltaf að hugsa um þarfir og væntingar annarra og koma í veg fyrir að skjólstæðingar fari sér að voða. Það er einnig mikið álag að vinna vaktavinnu og í nánu samfélagi við fólk sem maður hefur þekkt frá barnsaldri. Þannig er það hjá heyrnarlausum því samfélagið er lítið og allir þekkja alla. Eins og fram hefur komið hefur allt gengið vonum framar og starfsmenn eiga lof skilið fyrir vel unnin störf. Íbúar og starfsfólk sambýlisins Lækjarási 8, óska Félagi heyrnarlausra hjartanlega til hamingju með 40 ára afmæli sitt. Megi það dafna og blómstra og standa vörð um hagsmuni heyrnarlausra um ókomna tíð.

**Kristjana Mjöll Sigurðardóttir**
**forstöðumaður**









# Eftirtalin fyrirtæki styrkja Félag heyrnarlausra:

Seltjarnarnes
Bókasafn Seltjarnarneskaupstaðar, Skólabraut
Nesapótek, Eiðistorgi 17
Litabær sf., Austurströnd 14
Keiluhöllin ehf., Pósthólf 11

Vogar
Silfurströnd ehf., Smáratúni

Kópavogur
Rúmfatalagerinn ehf., Smáratorgi 1
Hreint ehf., Auðbrekku 8
F.Sigurðsson ehf., Engihjalla 7
Kynnisferðir ferðaskrifstofa sf., Vesturvör 6
Goddi ehf., Auðbrekku 19
Gott útlit hársnyrtistofa, Nýbýlavegi 14
Fasteignasalan Kjörbýli, Nýbýlavegi 14
Lagnatækni ehf., Hamraborg 12
MP-verktakar ehf., Lundarbrekku 16
Réttingaþjónustan sf., Smiðjuvegi 40
Lyfting hf., vinnuvélar, Gnípuheiði 8
Tengi ehf., Smiðjuvegi 11a
Egill vélaverkstæði ehf., Smiðjuvegi 9a
Lög ehf., Hamraborg 10
Kópavogsbær, Fannborg 2
Bílaréttingar G.Á.K., Laufbrekku 4
Skúffan sf., Smiðjuvegi 11e
Sigurhæð ehf., Laxalind 19
P.Samúelsson ehf., Nýbýlavegi 6-8
Tölvumiðstöð sparisjóðanna, Hlíðasmára 19
Litlaprent ehf., Nýbýlavegi 26
Tempó innrömmun, Álfhólsvegi 32
Húsaplast ehf., Dalvegi 24
Bókasafn Kópavogs, Fannborg 3-5
Plastlagnir ehf., Laufbrekku 20
Landvélar ehf., Smiðjuvegi 66d
Tréfag ehf., Ísalind 4
Timbur og stál ehf., Smiðjuvegi 11
Snorri Tómasson bókhaldsþjónusta, Hamraborg 1
Endurskoðun og uppgjör ehf., Hlíðasmára 9
Ísfiskur ehf., Hafnarbraut 27
Blikksmiðja Einars ehf., Smiðjuvegi 4b
Smiðjan sf., Smiðjuvegi 52d
Ísfiskur sf., Kársnesbraut 106
Hugur hf., Hlíðasmára 12
Verksmiðjan Sámur ehf., Vesturvör 11a
Óskar ehf., Kársnesbraut 108
Fatahreinsun Kópavogs sf., Hamraborg 7
Garðabær Pharmaco hf., Hörgatúni 2
Verkhönnun-Tæknisalan ehf., Kirkjulundi 13
Sólbaðsstofan Garðasól, Iðnbúð 2
Elektra ehf., Lyngási 11
Spesían söluturn, Iðnbúð 4
Bygging ehf., Bæjargili 49
Bílklæðning J.K.G, Lyngási 10
Gólfslípun Sigurðar Hannessonar, Grenilundi 6
G.H.heildverslun ehf., Garðatorgi 3

Hafnarfjörður
Rafgeymasalan ehf., Dalshrauni 17
Fjarðarkaup ehf., Hólshrauni 1
Kælitækjaþjónustan, Norðurvangi 27
Endurskoðun Hafnarfjarðar ehf., Bæjarhrauni 8
Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar, Lækjargötu 34d
Borealis arkitektar ehf., Strandgötu 26-28
Fiskbúð, Reykjavíkurvegi 3
Flói ehf., Staðarhvammi 21
Hella hf málmsteypa, Kaplahrauni 5
Vélaverkstæði Jóhanns Ólafssonar ehf, Reykjavíkurv. 70
Ás fasteignasala ehf., Fjarðargötu 17
J.V.J. ehf, Drangahrauni 10
Markmið sf., Álfabergi 20
Heiðar Jónsson járnsmíði, Víðivangi 2
Sjómannafélag Hafnarfjarðar, Strandgötu 11
Hafnarfjarðarkaupstaður, Strandgötu 6
Spennubreytar, Trönuhrauni 5
Á stöðinni, Reykjavíkurvegi 58
Útvík ehf., Eyrartröð 7-9
Bergsteinn eh.f, Kaplahrauni 15
Kári skipstjóra- og stýrimannafélag, Vesturvangur 13
Glerborg ehf., Dalshrauni 5
Fiskvinnsluskólinn Hafnarfirði, Hvaleyrarbraut 13
Hress ehf., Dalshrauni 11
Véla- og skipaþjónustanFramtak ehf., Drangahrauni 1b
Tónlistarskóli Hafnarfjarðar, Strandgötu 32
Sólvangur hjúkrunarheimili, Hörðuvöllum
S.Gunnarsson ehf., Eyrartröð 13
Kastalinn, Hverfisgata 56
Icedan ehf., Óseyrarbraut 4
Bessastaðahreppur Erlendur Björnsson ehf., Hvoli
Húsaklæðning ehf., Búðaflöt 3

Keflavík
Happi ehf., Óðinsvöllum 5
Hljómval, Hafnargötu 28
Pylsuvagninn, Tjarnargötu 9
Jón Karlsson, Mávabraut 8b
Fasteignasalan Hafnargötu 27 ehf., Hafnargötu 27
Verkfræðistofa Suðurnesja ehf., Hafnargötu 58
Pústþjónusta Bjarkars, Grófinni 10
Hársnyrtistofa Harðar, Hafnargötu 16
Geimsteinn ehf., Skólavegi 12
Sparisjóðurinn í Keflavík, Tjarnargötu 12-14
B.B.skilti skiltagerð, Túngötu 10
Umbrot ehf., Hafnargötu 27a
Iðnsveinafélag Suðurnesja, Tjarnargötu 7
Ökuleiðir svf., Hafnargötu 56
Varmamót ehf., Iðavöllum 3
Aðalverk ehf., Hólmgarði 2c
Húsagerðin ehf., Hólmgarði 2c

Keflavíkurflugvöllur
Íslenskir aðalverktakar hf., Keflavíkurflugvelli
Fagræsting sf., Leifsstöð

Grindavík
Festi ehf., Mánasundi 1
Skeljavík ehf., Staðarvör 6
Gjögur hf., Hafnargötu 18
Þorbjörn hf., Hafnargötu 12
Geldingaey ehf., Staðarhrauni 15
Grindavíkurkaupstaður, Víkurbraut 62
Selháls ehf., Ásabraut 8
Fiskanes hf., Hafnargötu 17-19
Hárhöllin, Hafnargötu 11
Stakkavík ehf., Bakkalág 15b
Ásgarður ehf., Hafnargötu 7a

Sandgerði
Sandgerðisbær, Tjarnargötu 4

Garður
Gerðahreppur, Melbraut 3
Raflagnavinnustofa Sigurðar, Heiðartúni
Raftýran sf., Lyngbraut 1

Njarðvík
Toyota salurinn, Njarðarbraut 19
Sólning Njarðvík ehf., Fitjabraut 12
Vökvatengi ehf., Fitjabraut 2
Ásmundur Sigurðsson vélsmiðja, Fitjabraut 26

Mosfellsbær
Dalsbú ehf., Helgadal
Mosfellsbær, Þverholti 2
Kjósarhreppur, Félagsgarði
Reykjalundur vinnuheimili SÍBS, Reykjalundi
Flugfélagið Atlanta ehf., Álafossvegi
Gylfi Guðjónsson ökukennari, Stórateigi 22
Mottó ehf., Flugumýri 24
Garðyrkjustöðin Gróandi, Grásteinum
Innrömmun Finnboga Reykjavík, Lækjartúni 13

Akranes
Sementsverksmiðjan hf., Mánabraut 20
Bjarg ehf., verslun, Skólabraut 21
Sjúkraþjálfun Georgs Janusars, Kirkjubraut 28
Vélsmiðja Ólafs R. Guðjónssonar ehf., Smiðjuvöllum 6
Höfði dvalarheimili, Sólmundarhöfða
Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. sf., Kirkjubraut 17
Tannlækningastofan sf., Laugabraut 11
Hótel Barbró, Kirkjubraut 11
Smurstöð Akraness sf., Smiðjuvöllum 2
Verslunin Axel Sveinbjörnssonar ehf., Suðurgötu 7-9
Verkalýðsfélag Akraness, Kirkjubraut 40
Akraness Apótek ehf., Kirkjubraut 50
Verslunin Perla, Kirkjubraut 2
Ægir ehf., Ægisbraut 9
Vélsmiðja Akraness ehf., Vallholti 1
Haraldur Böðvarsson hf., Bárugötu 8-10
Leirár- og Melahreppur
Innri-Akraneshreppur
Skilmannahreppur
Hvalfjarðarstrandarhreppur

Borgarnes
Safnahús Borgarfjarðar, Bjarnarbraut 4-6
Sprautu- og bifrverkstæði Borgarness sf., Sólbakka 5
Rafblik,rafverktaki, Borgarbraut 33
Borgarbyggð, Borgarbraut 11
Sparisjóður Mýrasýslu, Borgarbraut 14
Brák sf., Borgarbraut 55
Hvítársíðuhreppur
Skorradalshreppur
Vélabær ehf., Bæ
Jörvi ehf., Hvanneyri
Hússtjórnarskólinn Varmalandi, Varmalandi

Stykkishólmur
Málflutningsst Snæfellsness ehf., Reitarvegi 12
Sæfell ehf., Aðalgötu 3
Pétur H Ágústsson, Sundabakka 16
Grundarfjörður Tangi, Hamrahlíð 1

Ólafsvík
Útgerðarfélagið Dvergur hf., Grundarbraut 26
Svanborg ehf., Ennisbraut 21
Verslunin Vík, Ólafsbraut 19

Hellissandur
Gistihúsið Gimli, Keflavíkurgötu 4
Útnes ehf., Háarifi 25 Rifi

Ísafjörður
Myndás ljósmyndastofa, Aðalstræti 33
Mjólkursamlag Ísfirðinga, Sindragötu 2
Eiríkur og Einar Valur hf., Seljalandi 9
Kjölur ehf., Urðarvegi 37
Bæjar- og héraðsbókasafn Ísafjarðar, Austurvegi 9
Sjómannafélag Ísfirðinga, Pólgötu 2
Skipasmíðastöðin hf., Suðurtanga 6
Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðing, Hafnarstræti 14
Straumur ehf., Silfurgötu 5
Lögsýn ehf., Aðalstræti 24
Bílaverkstæði S.S. sf., Seljalandsvegi 86
Gámaþjónusta Vestfjarða ehf., Góuholti 14
Ísafjarðarbær, Hafnarstræti 1

Hnífsdalur
Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf, Hnífsdalsbryggju
Verkstjórafélag Vestfjarða, Heiðarbraut 7

Bolungarvík
Dýri ehf., Grundarstíg 5
Sparisjóður Bolungarvíkur, Aðalstræti 14
Sérleyfisferðir Bolungarvík-Ísafjörður, Völusteinsstræti 22
Rafverk ehf., Skólastíg 4
Tröð sf., Hólastíg 2
Kvenfélagið Brautin

Flateyri
Vagninn, Hafnarstræti 19
Útgerðarfélagið Tálkni ehf., Eyrarvegi 13

Patreksfjörður
Eyrasparisjóður, Bjarkargötu 1
Ástubúð, Þórsgötu 8
Tölvuþjónusta Vestfjarða ehf., Aðalstræti 5
Kjöt og fiskur ehf., Strandgötu 5
Flakkarinn ehf., Brjánslæk

Tálknafjörður
Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf., Miðtúni 3
Bókhaldsstofan Tálknafirði, Strandgötu 40
Þórsberg ehf., Strandgötu
Eik sf., Strandgötu

## Foreldra-og styrktarfélag heyrnardaufra.

## Kveðja til FH 40 ára

# Nokkur orð um foreldrafélagið fyrr og nú

Við óskum Félagi heyrnarlausra hjartanlega til hamingju á 40 ára afmælinu. Við lítum um öxl og höfum orðið vitni að þróun sem er virkilega þess eðlis að ykkur ber að fagna. Félagið ykkar hefur orðið öflugt, þó ekki sé það fjölmennt, margir sigrar hafa unnist og staða heyrnarlausra hefur á mörgum sviðum batnað. Að því hafið þið unnið til þessa og við vitum að mikið starf er framundan. Til hamingju og vegni ykkur vel með þau verkefni sem þið vinnið að í framtíðinni!!

Saga foreldrafélagsins er í mörgu tengd ykkar félagi. Það var stofnað 16. september 1966. Tveimur árum áður höfðu fæðst óvenju mörg börn með skerta heyrn eða heyrnarlaus. Eins og þið vitið er sá hópur kallaður í daglegu tali 64 árgangurinn. Orsökin fyrir þessum fjölda var, að hér hafði gengið faraldur rauðra hunda, sem er vírus sjúkdómur og orsakar heyrnarleysi, ef mæðurnar fá hann á fyrstu þremur mánuðum meðgöngu.

Það voru foreldrar þessara barna og þeirra sem fyrir voru sem stóðu að stofnun félagsins. Þegar svona stór hópur fæðist breytist margt. Það er ekki til skólahúsnæði fyrir allan hópinn, ekki eru til kennarar, sérmenntaðir fyrir kennslu heyrnarlausra, það vantaði fagfólk á mörgum sviðum og þekkingu inn í landið. Þarna myndaðist líka sterkur hópur af foreldrum á svipuðum aldri, sem vildi taka höndum saman um að byggja upp betri framtíð fyrir börnin sín. Þetta fólk, sem þá var ungt, vann vel og þeirra verk eru verk síns tíma, þau gerðu það sem talið var réttast og best á þessum árum. Það var m.a. barist fyrir skóla og heimavist, bættum kennslugögnum og kennaramenntun.

Síðan þetta var hefur margt breyst og áherslurnar líka. Skólinn, við og þið höfum farið í gegnum stefnur eins og „oralisma“ =tal mikilvægast-, „total kommunikasjon“ =notið allar tjáningaleiðir og blandið gjarnan saman- og yfir í tvítyngi, sem stendur fyrir skólastefnu um tvö mál, sem eru jafn mikilvæg. Dagur heimavistanna er líka löngu liðinn og fáum dettur í hug að mæla með því nú, að börn séu send á heimavist fjarri foreldrum sínum frá 4 ára aldri til 18 ára aldurs.

Foreldrafélagið er félag foreldra heyrnarskertra/lausra barna á öllu landinu og styrktarfélaga, sem styrkja vilja félagið. ömmur og afar margra barnanna hafa verið félagar og eins aðrir er tengjast fjölskyldum þeirra. Þegar félagið var fjölmennast voru félagar yfir 500. Nú eru fullgildir félagar, þ.e. mæður og feður tæplega 130 og styrktarfélagar um 220. Við sjáum fram á að þessar tölur lækka enn frekar í náinni framtíð, því börnunum fækkar og eldra fólkið hverfur úr röðum félagsmanna.

**Þarna myndaðist líka sterkur hópur af foreldrum á svipuðum aldri, sem vildi taka höndum saman um að byggja upp betri framtíð fyrir börnin sín.**

Aðalmarkmið félagsins er að standa vörð um réttindi heyrnarlausra barna og foreldra þeirra, stuðla að upplýsingum þeim til handa og vera félagslegur vettvangur þessa hóps. Þróast hafa ýmsar hefðir, svo sem laufabrauðsbakstur, sólstöðuganga og árleg útilega. Þátttaka er með ágætum og unga fólkið, sem vandist þessum uppákomum, sem börn með foreldrum og systkinum, er nú farið að mæta til leiks sem sjálfstæðir einstaklingar.

Félagið vill styðja við starfsemi Vesturhlíðarskóla og standa vörð um að fræðsluyfirvöld geri honum kleift að gegna fræðsluskyldu sinni, uppeldishlutverki og þroska nemendur sína félagslega.

Félaginu er stjórnað með hefðbundinni stjórn og þar sitja 5 aðalmenn og 3 varamenn. Stjórn og varastjórn er boðuð á stjórnarfundi og öllum er heimilt að sækja þá fundi sem stjórnin ákveður að biðja um, þegar ræða þarf málefni, sem við metum mikilvæg. Foreldrafélagið á frumkvæði að ýmsum umræðum og samvinnu er snerta málefni barnanna. Oft hefur stjórnin sýnt mikla samstöðu og góða mætingu þegar fjallað hefur verið um slík mál utan stjórnar. Það er réttlætismál og sjálfsagt að þeir sem fjalla um málefni heyrnarskertra/lausra barna heyri rödd foreldra og taki tillit til þeirrar reynslu og þekkingar sem þeir búa yfir.

Foreldrafélagið á fulltrúa í stjórn Samskiptamiðstöðvar, Heyrnar- og talmeinastöðvar Ísands, Öryrkjabandalagsins og Kirkju heyrnarlausra. Foreldrafélagið tekur þátt í samstarfi foreldrafélaga á Norðurlöndum og hefur verið virkur þátttakandi í Evrópusambandi foreldrafélaga FEPEDA og m.a. átt þar fulltrúa í stjórn. Öll starfsemi foreldrafélagsins fer fram í sjálfboðavinnu. Þrír fulltrúar félagsins sóttu ráðstefnu foreldrafélaga á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum, sem haldin var 29.-31. október sl. í Örebro í Svíþjóð í tilefni 50 ára afmælis foreldrafélagsins þar. Sænska félagið bauð þremur fulltrúum frá hverju landi og stóð undir kostnaði við ferðina að nánast öllu leyti.

Foreldrafélagið og einstakir foreldrar hafa staðið að útgáfu nokkurra bóka og stutt við útgáfu eða gefið út táknmálsorðabækur. Auk þess hefur félagið gefið út nokkra bæklinga og upplýsingarit um málefni er snerta heyrnarleysi.

## Málfríður Gunnarsdóttir



Á síðustu árum hefur fámenni barnahópsins sett svip á lífið meðal heyrnarlausra barna og þar með á líf foreldranna. Vissulega verður staðan allt önnur þegar flestir árgangar telja einstaklinga, einn eða tvo, en ekki hópa. Hver og einn hefur fáa til að leika sér við, skiptast á skoðunum við o.s.frv. Af þessari ástæðu hefur foreldrafélagið lagt mikla áherslu á það, að stuðla að samskiptum okkar barna við heyrnarlaus/skert börn á Norðurlöndum og í Evrópu og eins að hvetja okkar börn til að nýta sér tilboð sem íslenskum börnum stendur til boða, eins og ýmis námskeið og skemmtanir. Við höfum stutt peningalega námsferðir og námskeiðaþátttöku barna og unglinga, bæði innanlands og utan. Við höfum greitt fyrir stuðningsaðila á leikjanámskeið og önnur námskeið, stutt við táknmálskennslu í umhverfi barnanna og fleira í þessum dúr. Nýverið stofnuðum við sjóð sem við köllum samskiptasjóðinn og er honum ætlað að styðja börnin og unglingana á ýmsan hátt til samskipta út á við og/eða að veita þeim aðgengi að afþreyingu og menningu.

Foreldrar í dag standa að sumu leyti í sömu sporum og foreldrarnir sem stofnuðu félagið. Við stöndum frammi fyrir miklum vanda í skólamálum heyrnarlausra barna. Nú er vandamálið ekki skólahús eða skortur á heyrnleysingjakennurum á Íslandi. Vandamálið er fámennið í skólanum og að heyrnleysingjakennararnir eru allt of margir farnir til annarra starfa. Það er von okkar að sú breyting sem er í farvatninu, verði til að laða heyrnleysingjakennara aftur til starfa og að nýja fyrirkomulagið verði einnig til þess að heyrnarskertir laðist að skólanum í meira mæli en áður. Við fögnum þeirri ákvörðun skólans og fræðsluyfirvalda að Vesturhlíðarskóli gangi til samstarfs við Hlíðaskóla í sameiginlegu skólaumhverfi, þar sem heyrnarlaus/skert börn fá kennslu á sínum eigin forsendum í stærra umhverfi, þar sem þeim gefst einnig tækifæri á að eiga þroskandi samskipti við þann hóp sem er í meirihluta í samfélaginu. Táknmálið og íslenskan verða málumhverfi þessara skóla. Góður tvíburaskóli á að hafa allar forsendur til að mennta börn og þroska til víðsýni og skilnings á fjölbreytileika tilverunnar.

Við stöndum nú á árþúsundamótum, árið 2000 gekk í garð fyrir nokkrum vikum. Enn eru baráttumálin mörg og jafnréttið á enn langt í land. Foreldrafélagið vill gera það sem í valdi þess stendur til að heyrnarlausir fái betra aðgengi að upplýsingum og menningar- fræðslu- og afþeyingartilboðum, samfélagsins. Þessum markmiðum viljum við vinna að og ná í samvinnu við félagið ykkar. Við stöndum sterk saman og því er mikilvægt að við eflum samstarfið á komandi árum.

**Vandamálið er fámennið í skólanum og að heyrnleysingjakennararnir eru allt of margir farnir til annarra starfa.**

Fyrir hönd foreldrafélagsins endurtek ég hamingjuóskir á þessum tímamótum og óska FÉLAGI HEYRNARLAUSRA gæfu og gengis á komandi árum. Lifið heil!

**Málfríður Gunnarsdóttir**


**Eftirtalin fyrirtæki styrkja Félag heyrnarlausra:**

Reykjavík:
Veitingahúsið Perlan ehf., Öskjuhlíð
Faxamjöl hf., Norðurgarði
Verið sængurfataverslun ehf., Njálsgötu 86
Félag einstæðra foreldra, Tjarnargötu 10d
Vélar og skip ehf., Fiskislóð 137a
Gúmmíbátaþjónustan, Eyjarslóð 9
Háskóli Íslands, Suðurgötu
Brimrún ehf., Hólmaslóð 4
Ellingsen ehf., Grandagarði 2
Hljóðfæraverslunin Rín ehf., Frakkastíg 16
Borgarfell ehf., Skólavörðustíg 23
Hárgreiðslustofan Hödd, Grettisgötu 62
Söluturninn Ístorg hf., Hafnarstræti 18
Neyðarlínan hf., Skógarhlíð 14
Gleraugnasalan, Laugavegi 65
Dún- og fiðurhreinsunin, Vatnsstíg 3
Ögurvík hf., Týsgötu 1
Dagvist barna, Hafnarhúsi v/Tryggvagötu
Gjörvi ehf., Grandagarði 18
Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu
Andrés fataverslun, Skólavörðustíg 22a
Lögfræðiskrifstofa, Tjarnargötu 10d
Sínus ehf., Grandagarði 1a
KOM ehf., kynning og markaður, Austurstræti 6
Grænn kostur ehf., Skólavörðustíg 8b
Landslög, Barónsstíg 5
Flugþjónustan ehf., Reykjavíkurflugvelli
Kristján G. Gíslason ehf., Hverfisgötu 6
Effect hársnyrtistofa sf., Bergstaðastræti 10a
Tannlæknastofa Hauks Þorsteinssonar, Óðinsgötu 4
Kristján Guðmundsson hf., Hafnarhvoli v/ Tryggvagötu
Faxamarkaðurinn hf., Austurbakka Faxaskál
Rúllugerðin sf., Vesturgötu 21a
Hreingerningarþjónustan, Þrif Reykjavíkurvegi 48
Ó.S.Ó. ehf., Hafnarstræti 5
Landslag ehf., Þingholtsstræti 27
Fasteignasalan Gimli ehf., Þórsgötu 26
BSR ehf., Skógarhlíð 18
Fjölver ehf., Hólmaslóð 8
Yggdrasill ehf., Kárastíg 1
Fasteignaþjónustan, Skúlagötu 30
Reykjavíkurhöfn, Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
Slökkvistöðin í Reykjavík, Skógarhlíð 14
Húseignaþjónustan, Laufásvegi 2a
Listvinahúsið leirkerasmíði, Skólavörðustíg 43
Úti og inni sf., Þingholtsstræti 27
Verkfræðistofa Braga Þ. Eyvindssonar ehf, Túngötu 14
Hraðmyndir ehf., Hverfisgötu 59
Verslunin Brynja ehf., Laugavegi 29
Verslunarmannafélag Reykjavíkur, Kringlunni 7
Árvakur hf., Kringlunni 1
Augað sf., Kringlunni 8-12
Vari ehf., Kringlunni 6
Hárgreiðslustofa, Miðleiti 7
Skóverslunin Bossanova hf., Kringlunni 8-12
Skipulag og stjórnun sf., Hvassaleiti 99
Sportís ehf., Eikjuvogi 29
Skúlason og Jónsson ehf., Skútuvogi 12h
Raftækjaverslun Íslands hf., Skútuvogi 1b
Verslunin Stefanía, Norðurbrún 2
Rafstilling ehf., Dugguvogi 23
Hrafnista dvalarheimili aldraðra, Laugarási
Hársnyrtistofa Dóra, Langholtsvegi 128
Samskip hf., Holtavegi Holtabakka
Johan Rönning hf., Sundaborg 15
Davíð S. Jónsson og Co ehf., Skútuvogi 13a
Rolf Johansen og co ehf., Skútuvogi 10a
Thorarensen Lyf ehf., Vatnagörðum 18
Nota Bene hf., Súðarvogi 6
Endurvinnslan hf., Knarrarvogi 4
Hafrós ehf., Skútuvogi 12g
Sökkull sf., Dugguvogi 9-11
Nýja sendibílastöðin hf., Knarrarvogi 2
Rafvirkjaþjónustan ehf., Goðheimum 19
Bílaréttingar Jóns Þ. Ólafssonar, Efstasundi 73
Landssamband vörubifreiðastjóra, Skútuvogi 13
Mjólkurfélag Reykjavíkur svf., Korngörðum 5
Axel Ström Óskarsson, Kleppsvegi 52
Prentval prentsmiðja, Súðarvogi 7
Hlíf lífeyrissjóður, Borgartúni 18
Rekstrarverktak ehf., Stórholti 1
Arkitektastofan ehf., Borgartúni 17
Blómaval ehf., Sigtúni 40
Hreinsunardeild Rvíkurborgar, Skúlatúni 2
Vélamiðstöð Reykjavíkurborgar, Skúlatúni 1
Hárbær hársnyrtistofa, Laugavegi 168
G.Hannesson og Co, Borgartúni 23
Sjómannaheimilið Örkin, Brautarholti 29

# 40 ára afmæli Félags heyrnarlausra



Við komu forseta Íslands í Miðberg tóku á móti honum Berglind Stefánsdóttir, formaður félagsins og Halldór Ólafsson 6 ára afhenti honum blómvönd.

Félag heyrnarlausra fagnaði 40 ára afmæli sínu með hátíðardagskrá í Miðbergi og opnun sögusýningar í Gerðubergi. Á meðal gesta voru forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson, Valgerður Sverrisdóttir, iðnðar- og viðskiptaráðherra, Helgi Hjörvar forseti borgarstjórnar, alþingismenn ofl. Á hátíðardagskránni í Miðbergi flutti formaður Félags heyrnarlausra, Berglind Stefánsdóttir, ávarp ásamt Knud Söndergaard, formanni Evrópusambands heyrnarlausra og Landssamtaka heyrnarlausra í Danmörku. Steinunn Þorvaldsdóttir flutti einnig ávarp um undirbúning sögusýningarinnar og Már og Sólrún fluttu frumsamin ljóð. Að hátíðardagskránni lokinni var gengið yfir í Gerðuberg þar sem fulltrúi Landssíma Íslands afhenti Félagi heyrnarlausra tvo myndsíma að gjöf. Kolbrún Völkudóttir tók símann formlega í notkun er hún hringdi í vin sinn Árna Jóhannesson sem staddur var í húsnæði Landssímans við Ingólfstorg. Því næst flutti forseti Íslands ávarp þar sem hann þakkaði m.a. heyrnarlausum fyrir hversu vel þeim hafi tekist að kynna menningu sýna fyrir heyrandi samfélagi og vonaðist til að svo mætti verða áfram í framtíðinni. Heyrnarlausir hafi opnað nýjan heim fyrir þeim sem heyra með því að vekja athygli á sérstöðu sinni, móðurmáli og menningu. Að loknu ávarpi opnaði forseti Íslands formlega sögusýningu heyrnarlausra ásamt þeim Steinunni Þorvaldsdóttur og Önnu Valdimarsdóttur sem höfðu umsjón með sýningunni. Sögusýningin vakti verðskuldaða athygli og var margt um manninn í Gerðubergi.Um kvöldið var síðan haldin árshátíð félagsins í Kiwanishúsinu við Engjateig. Mjög mikil aðsókn var að árshátíðinni og komust færri að en vildu. Voru Félagi heyrnarlausra færðar gjafir frá vinum og samstarfsfólki, fluttar ræður og skemmtiatriði.Óhætt er að fullyrða að Skari skrípó hafi slegið í gegn með sínu einstaka skemmtiatriði ásamt aðstoðarkonu sinni Eddu Björg. Að lokinni skemmtidagskrá var stiginn dans fram eftir nóttu.



Knud Söndergaard, formaður Evrópusambands heyrnarlausra og Landssamtaka heyrnarlausra í Danmörku flutti ávarp.



Fjölmenni var við hátíðardagskrána í Miðbergi og margt góðra gesta.



Málfríður Gunnarsdóttir, formaður foreldra og styrktarfélags heyrnardaufra afhenti Berglindi Stefánsdóttur ræðupúlt að gjöf sem prýðir merki Félags heyrnarlausra.



**Guðfinna B. Kristjánsdóttir, afhenti fyrir hönd Landssímans, Félagi heyrnarlausra tvo myndsíma að gjöf í tilefni tímamótanna.**



**Sögusýningin vakti verðskuldaða athygli. Hér er Steinunn Þorvaldsdóttir og Árný Guðmundsdóttir, táknmálstúlkur ásamt forseta Íslands.**



**Kolbrún Völkudóttir tók símann formlega í notkun er hún hringdi í vin sinn Árna Jóhannesson og þau komu sér saman um að fara í bíó.**



**Hjónin Hervör Guðjónsdóttir og Guðmundur Egilsson voru meðal gesta á sögusýningunni**



**Fjölmenni var í Gerðubergi við opnun sögusýningunnar.**



**Knud Söndergaard og Trausti Jóhannesson**



**Forseti Íslands opnar formlega sögusýningu heyrnarlausra ásamt þeim Steinunni Þorvaldsdóttur og Önnu Valdimarsdóttur sem höfðu umsjón með sýningunni.**



**Jóhannes og Fríða horfa á tengdadóttur sína, Steinunni, segja frá upphafi fréttaágrips á táknmáli í sjónvarpinu.**



**Myndsíminn, gjöf Landssímans, vakti mikla athygli og umræðu meðal gesta**



**Unga kynslóðin var að sjálfsögðu meðal hátíðargesta. Þessir ungu dömu þótti ástæða til að aðstoða vin sinn við að svala þrosta sínum**



**Berglind Stefánsdóttir formaður ásamt forseta Íslands hr. Ólafi R. Grímssyni**



**Frá árshátíðinni, hjónin Guðrún (Billa) og Guðmundur**



**Hjördís Anna Haraldsdóttir afhendir forsetanum bol að gjöf merktur slagorðinu Íslenskt táknmál - þú hefur það í hendi þér.**



**Listamaðurinn Sunna Davíðsdóttir ásamt eigninmanni sínum Jóhanni. Við hlið hans er María Jonný.**



**Halldór Ólafsson ásamt Berglindi og forsetanum. Halldór spurði forsetann m.a. hvort hann heyrði.**



**Skari Skrípó í einum af sínum óborganlegum atriðum**



Vilhjálmur formaður klúbbs 37, afhenti Berglindi fundarhamar að gjöf til Félags heyrnarlausra.

Skara skrípó var óspart fagnað.





Þórdís Þórðardóttir, sjúkraliði var valin maður ársins fyrir störf sín í þágu aldraða heyrnarlausra. Unnur Dóra afhenti henni viðurkenningu.



Már Ólafsson flutti frumsamið ljóð „Sýn" sem vakti mikla athygli gesta.

Sólrún Snæbjörnsdótttir flutti frumsamið ljóð „Jörðin".



## Eftirtalin fyrirtæki styrkja Félag heyrnarlausra:

Þingeyri
Brautin sf., Ketilseyri
Sparisjóður Þingeyrarhrepps, Fjarðargötu 2

Brú
Kaupfélag Bitrufjarðar, Óspakseyri
Staðarskáli ehf., Stað Hrútafirði

Norðurfjörður
Árneshreppur, Norðurfirði

Hvammstangi
Heilbrigðisstofnun Hvammstanga, Spítalastíg 1
Húnaþing vestra, Klapparstíg 4
Stéttarfélagið Samstaða, Klapparstíg 4

Blönduós
Hárgreiðslustofa Bryndísar, Húnabraut 13
Stéttarfélagið Samstaða, Þverbraut 1
Heilbrigðisstofnunin Blönduósi, Flúðabakka 2
Verslunin Vísir, Húnabraut 21
Svínavatnshreppur,

Skagaströnd
Höfðahreppur, Túnbraut 1-3
Söluskálinn Skagaströnd, Oddagötu 1
Skagahreppur
Stéttarfélagið Samstaða, Túngötu 1-3

Sauðárkrókur
Efnalaug Sauðárkróks, Aðalgötu 14
Verslun Haraldar Júlíussonar, Aðalgötu 22
Vélsmiðja Sauðárkróks ehf., Borgartúni 1
Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki, Sauðárhæðum
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
Sauðárkróksbakarí ehf., Aðalgötu 5
KOM bókhaldsþjónusta, Víðihlíð 19
Þórir sf., Raftahlíð 18
Skinnastöðin ehf., Syðri-Ingveldarstöðu

Varmahlíð
Akrahreppur, Framnesi

Siglufjörður
Íþróttabandalag Siglufjarðar, Hóli íþróttamiðstöð
Hlíð Siglufirði ehf., Gránugötu 13
Siglufjarðarkaupstaður, Gránugötu 24
Berg ehf., Norðurgötu 16
Vélaverkstæði Jóns og Erlings, Gránugötu 13
Ásgeir sf., Lækjargötu 2

Breiðdalsvík
Hótel Bláfell ehf., Sólvöllum 14

Höfn
Hársnyrti og ljósastofa Ingibjargar, Hafnarbraut 40
Vökull verkalýðsfélag, Víkurbraut 4
Ferðaþjónusta Jökulsárlóni, Hali

Selfoss
Mjólkurbú Flóamanna, Austurvegi 65
Pizza 67, Tryggvagötu 40
Ræktunarsamb. Flóa og Skeiða ehf, Gagnheiði 35
Efnagerðin Lyngholt ehf., Gagnheiði 51
Set ehf., Eyravegi 43
Selós ehf., Eyravegi 51
Lögmenn Suðurlandi ehf., Austurvegi 3
Hópferðabifreiðar Guðmundar Tyrfingssonar, Fossnesi C
Fossvélar ehf., Hrísmýri 4
Árvirkinn ehf., Eyravegi 29
Jeppasmiðjan ehf., Ljónsstöðum
Framsóknarfélag Árnessýslu, Hrauni 1b
Gnúpverjahreppur
Gaulverjabæjarhreppur
Villingaholtshreppur

Hveragerði
Hamrar hf., Austurmörk 11
Ljósbrá ehf., Breiðumörk 25
Heilsustofnun NLFÍ, Grænumörk 10
Kjörís ehf., Austurmörk 15

Þorlákshöfn
Sveitarfélagið Ölfus, Selvogsbraut 2
Netagerð Ármanns, Unubakka 20
Fagus ehf., Unubakka 18-20
Ljósavík hf., Unubakka 11
Fiskmarkaðurinn Þorlákshöfn hf., Hafnarskeiði 11
Fiskiðjan Ver, Óseyrarbraut 20
Borgarey ehf., Heinabergi 12

Stokkseyri
Smíðagallerí, Eyrarbraut 39

Laugarvatn
Laugardalshreppur

Flúðir
Reykjaflöt ehf., Reykjaflöt

Hella
Vörufell ehf., Heiðvangi 4

Hvolsvöllur
Hvolhreppur
Vestur-Landeyjahreppur

Vestmannaeyjar
Bergur ehf., Hrauntúni 46
Herjólfur hf., Básaskersbryggju 10
Baldur ehf., Sóleyjargötu 7
Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf., Strandvegi 65

Bæjarveitur Vestmannaeyja, Tangagötu 1
Heildverslun Karls Kristmanns, Ofanleitisvegi 15-19

Ísfélag Vestmannaeyja hf., Strandvegi 28
Brimnes hf., Strandvegi 52
Drangur ehf., Strandvegi 80
Hárgreiðslustofa Guðbjargar, Heiðarvegi 9b
Verkalýðsfélag Vestmannaeyja, Miðstræti 11
Vestmannaeyjabær, Ráðhúsinu